

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1768
komudagur 28.4.2003



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Einar Farestveit
150 Reykjavík

23. apríl 2003

Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637 mál heildarlög.

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 18. mars 2003.

Stjórn Landverndar getur tekið undir öll megin atriði frumvarpsins en gerir athugasemdir við tvö atriði.

1. Verndaráætlun og friðlýsing verði forsenda gildistöku laganna

Það er ljóst að tilteknir staðir með hátt náttúruverndargildi eru á svæði sem ekki fellur undir 2. gr. frumvarpsins (þ.e. staði sem liggja innan núverandi friðlýsta svæðis en utan þess sem fellur undir 2. gr. frumvarpsins). Jafnframt er ljóst að það mun taka talsverðan tíma að friðlýsa þessi svæði á grundvelli náttúruverndarlaga. Sú hætta er fyrir hendi að áform um framkvæmdir á svæðum með hátt náttúruverndargildi komist í forgangsröð áður en tekist hefur að ljúka við gerð verndaráætlunar og koma á nauðsynlegri friðlýsingu í samræmi við hana. Stjórn Landverndar telur því nauðsynlegt að eldri lög haldi gildi sínu þar til lokið hefur verið við gerð verndaráætlunar og umhverfisráðherra á grundvelli þeirrar áætlunar hefur lagt fram lista yfir þau svæði sem talið er nauðsynlegt að friðlýsa.

Í frumvarpinu er ákvæði til bráðabirgðar sem segir að gerð verndaráætlunar skuli lokið fyrir 1. janúar 2005. Í 11. gr. segir að lög skuli öðlast gildi 1. október 2003. Stjórn Landverndar leggur til að 11. gr. verði breytt á þann hátt að lög skulu fyrst gildi þegar lokið hefur verið við gerð verndaráætlunar og umhverfisráðherra hefur lagt fram list yfir þá staði sem ekki falla undir 2. gr og áformað er að friðlýsa á grundvelli laga um náttúruvernd.

2. Reglugerð um varnir gegn mengun vatnasviðs iuggi fyrir þegar lög taka gildi
Í 4. gr. segir að umhverfisráðherra skuli seta reglugerð um varnir gegn hverskonar mengun á vatnasviði Mývatns- og Laxár. Stjórn Landverndar telur að það eigi að vera forsenda gildistöku laganna að þessi reglugerð liggja fyrir.

Að lokum vill stjórn Landverndar taka fram að hún telur mikilvægt að verndaráætlun og friðlýsing einstakra staða verði unnin í góðu samráði við íbúa á svæðinu, félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndar og aðra sem hafa áhuga á því að vernda Mývatn og Láxa og aðliggjandi svæði.

Virðingarfyllt,

Tryggvi Felixson
framkvæmdastjóri Landverndar